

MATÄLSKARE MATTRADITION

IS








Design and Quality
IKEA of Sweden



Á síðustu síðu þessarar handbókar er heildarlisti yfir alla viðurkennda þjónustuðila IKEA og símanúmer þeirra hvers í sínu landi.

ÍSLENSKA



Efnisyfirlit

Öryggisupplýsingar	5	Tæknilegar upplýsingar	16
Lýsing raftækisins	9	Uppsetning	17
Stjórnborð	10	Raftengingar	18
Dagleg notkun	10	Umhverfisvandamál	19
Hvað á að gera ef...	15	IKEA ÁBYRGÐ	20

Öryggisupplýsingar

Lesið öryggisleiðbeiningarnar áður en tækið er tekið í notkun. Hafið þær við höndina til að geta leitað í þær síðar meir.

Í þessum leiðbeiningum og á tækinu sjálfu eru mikilvægar öryggisaðvaranir sem notandi þarf að lesa og fara eftir í hvívetna. Framleiðandi afsalar sér allri ábyrgð á vanrækslu þessara öryggisleiðbeininga, óviðeigandi notkun tækisins eða röngum stillingum stjórnbúnaðar.

⚠ Mjög ungum börnum (0-3 ára) ætti að vera haldið frá tækinu. Ungum börnum (3-8 ára) ætti að halda frá tækinu nema stöðugt sé fylgst með þeim. Börn sem eru 8 ára eða eldri og einstaklingar með minnkaða líkamlega, skynjunarlega eða andlega getu eða skort á reynslu og þekkingu meiga bara nota þetta tæki ef þeir eru undir eftirliti eða hafa fengið leiðbeiningar um örugga notkun og skilja hætturarnar sem eru til

staðar. Börn meiga ekki leika sér að tækinu. Börn meiga ekki framkvæma hreinsun og notendaviðhald án eftirlits.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Tækið og aðgengilegir hlutar þess hitna við notkun. Gætið þess að snerta ekki heita hluta þess. Börn undir 8 ára aldri skulu ekki koma nærri tækinu nema undir stöðugu eftirliti fullorðinna.

⚠ Skiljið tækið aldrei eftir eftirlitslaust á meðan verið er að þurrka mat. Ef tækið hentar fyrir notkun mælis notið þá aðeins hitamæli sem mælt er með fyrir þennan ofn - hætta á eldsvoða.

⚠ Haldið fötum og öðru eldfimu efni frá tækinu þar til allir hlutar þess hafa kólnað alveg niður - hætta á eldsvoða. Verið alltaf aðgætin þegar eldaður er matur með mikilli fitu, olíu eða þegar bætt er við áfengi - hætta á eldsvoða. Notið ofnhanska til að fjarlægja pönnur og aukahluti.

Pegar eldun lýkur, opnið hurðina gætilega, leyfið heitu lofti eða gufu að fara smám saman út áður en holrúmið er nálgast - hætta á brunasárum. Hindrið ekki op fyrir heitt loft framan á ofninum - hætta á eldsvoða.

⚠ Sýnið aðgát þegar ofnhurðin er niðri til að forðast að rekast á hurðina.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Ef þéttingar hurðarinnar eru skemmdar þá má ekki nota ofninn þar til gert hefur verið við hann - hætta á meiðslum.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Ekki má hita vökva og mat í þéttum umbúðum - hætta á sprengingu, hitun drykkja getur leitt til að suðan gjósi eftirá, fara verður varlega við meðhöndlun ílátsins - hætta á brunasárum.

⚠ Örbylgjuofninn er ætlaður til hitunar á mat og drykkjum. Þurrkið ekki mat eða föt eða hitið hitapúða, inniskó, svampa og álíka - hætta á eldsvoða. Þegar matur í plast- eða pappírsumbúðum er hitaður, verið árvökul yfir ofninum - hætta á eldsvoða.

⚠ Hræra verður í eða hrista innihald pela og barnamatskrukka og hitastig þeirra athugað - hætta á

brunasárum. Hitið ekki egg í skurn sinni né heil harðsoðin egg - hætta á sprengingu.

⚠ Notið aðeins áhöld sem henta fyrir eldun í örbylgjuofni. Notið ekki ílát úr málm - hætta á meiðslum.

⚠ Notið aðeins hitamæli sem mælt er með fyrir þennan ofn - hætta á eldsvoða.

⚠ Ef reykur berst út slökkvið á tækinu eða takið það úr sambandi og hafið hurðina lokaða til að kæfa alla laga.

⚠ Ef tækið er uppsett 850 mm eða hærra yfir gólfi verið þá varkár að færa snúningsdiskinn ekki úr stað þegar ílát eru fjarlægð - hætta á meiðslum.

⚠ Notið ekki örbylgjuofninn til djúpsteykingar vegna þess að ekki er hægt að stilla hita olíunnar.

⚠ Málmílat fyrir mat og drykki henta ekki fyrir eldun í örbylgjuofni.

⚠ Fjarlægjið ekki varnarplötur inntaksrása á hliðum holrúmsveggjanna (einungis sumar gerðir).

Þær koma í veg fyrir að mataragnir geti komist inn í inntaksrásir ofnsins.

LEYFILEG NOTKUN

⚠ **VARÚÐ:** Tækinu er ekki ætlað að vera notað með aðstoð utanaðkomandi ræsingarþúnaðar, s.s. tímastillis eða aðgreinds fjarstýrðs stjórnkerfis.

⚠ Þetta tæki er ætlað til notkunar á heimili og til sambærilegra nota eins og: í eldhúsi starfsfólks í verslunum, á skrifstofum og öðrum vinnustöðum; á sveitabæjum; af viðskiptavinum hótela, vegahótela, gistiheimila og öðrum umhverfum með íbúum;.

⚠ Engin önnur notkun er leyfileg (t.d. til upphitunar herbergja).

⚠ Þetta tæki er ekki til notkunar í atvinnustarfsemi.

Notið tækið ekki utandyra.

⚠ Geymið ekki sprengifim eða eldfim efni (t.d. bensín eða úðabrúsa) innan í eða nálægt tækinu - hætta á eldsvoða.

UPPSETNING

⚠ Tækið verður að vera meðhöndlað og uppsett af tveimur eða fleiri aðilum - hætta á meiðslum.

Notið hlífðarhanska við að taka úr pakkningum og setja upp - hætta á skurðum.

⚠ Þjálfaður tæknimaður eingöngu má sjá um

uppsetningu, þ.m.t. vatnsveitu (ef við á), raftengingar og viðgerðir. Gerið ekki við eða skiptið út neinum hluta tækisins nema það sé sérstaklega tekið fram í notendahandbókinni. Haldið börnum frá

uppsetningarstaðnum. Þegar umbúðir hafa verið teknar utan af tækinu skal ganga úr skugga um að það hafi ekki skemmst við flutningana. Ef vandamál koma upp skal hafa samband við næsta þjónustuaðila. Eftir uppsetningu skal geyma pökkunarúrgang (plast, frauðplast o.s.frv.) fjarri börnum - hætta á köfnun. Nauðsynlegt er að aftengja tækið frá rafveitu áður en það er sett upp vegna hættu á raflosti. Í uppsetningu skal tryggja að tækið skemmi ekki rafmagnssnúður vegna hættu á eldsvoða eða raflosti. Ekki gangsetja tækið fyrr en uppsetningu er lokið.

⚠ Ljúkið við að saga úr innréttingunni áður en tækið er sett í og fjarlægið allan viðarspæni og sag. Fjarlægið ekki tækið úr pólýstýren frauðgrunni sínum þar til að uppsetningu kemur.

⚠ Eftir uppsetningu þá má botn tækisins ekki lengur vera aðgengilegur - hætta á brunasárum.

⚠ Setjið tækið ekki upp fyrir innan skrauthurð - hætta á eldsvoða.

⚠ Ef tækið er sett upp undir vinnuborðið teppið þá ekki lágmarksbilið á milli vinnuborðsins og efri hluta ofnsins - hætta á brunasárum.

⚠ Þetta tæki er ætlað til innbyggðrar notkunar. Hafið það ekki frístandandi eða inni í skáp.

Eftir að tækið hefur verið tekið úr umbúðunum gangið þá úr skugga um að hurð tækisins lokist rétt. Ef vandamál koma upp skal hafa samband við næsta þjónustuaðila.

VIÐVARANIR VEGNA RAFMAGNS

⚠ Merkiplatan er á framhlið ofnsins (sýnileg þegar hurðin er opin).

⚠ Það verður að vera mögulegt að aftengja tækið frá rafmagni með því að taka það út sambandi ef tengill er aðgengilegur, eða með fjölpóla rofa sem settur hefur verið upp í bakátt frá innstungunni í samræmi við reglur um raflagnir og tækið verður að vera jarðtengt í samræmi við rafmagnsöryggisstaðla landsins.


⚠ Notið ekki framlengingarsnúrur, fjöltengi eða millistykki. Rafmagnsíhlutir meiga ekki vera aðgengilegir notandanum eftir uppsetningu. Notið ekki tækið þegar þið eru blaut eða berfætt.

Notið ekki þetta tæki ef það hefur skemmda rafmagnssnúru eða tengil, ef það virkar ekki á réttan hátt, eða það hefur verið skemmt eða misst.

⚠ Ef rafmagnssnúran er skemmd þá verður að skipta henni út með eins snúru frá framleiðandanum, umboðsaðila hans eða álíka hæfum aðilum til að forðast hættu - áhætta á raflosti.

⚠ Ef skipta þarf um rafmagnskapal hafið þá samband við viðurkenndan þjónustuaðila.

Lýsing raftækisins




1 Stjórnborð

2 Ofnpera

3 Hurð

Aukahlutir

Snúningsgrind




x1

Snúningsdiskur úr gleri



x1

Gufusjóðari



x1

Almennt

Fjöldi aukahluta er fánlegur. Áður en þið gerið kaup þá gætið að hvort þeir henti fyrir notkun í örbylgjuofnum.

Gangið úr skugga um að ílátin sem þið notið séu eldföst og að örbylgjur geti borist í gegnum þau fyrir eldun.

Þegar matvæli eða aukahlutir eru settir í ofninn þá gætið þess að þeir snerti ekki innri hliðar ofnsins.

Þetta er einkum mikilvægt er um er að ræða aukahluti úr málm eða með málmhluti.

Ef aukahlutir sem innihalda málm komast í snertingu við innri hliðar ofnsins meðan hann er í notkun þá geta myndast neistar og ofninn gæti skemmt.

Gangið ávallt úr skugga um að snúningsdiskurinn geti snúist greiðlega áður en ofninn er gangsettur.

Snúningsgrind

Notið snúningsgrindina undir snúningsdiskinn. Setjið aldrei nein önnur ílát á snúningsgrindina.

- Komið snúningsgrindinni fyrir í ofninum.

Snúningsdiskur úr gleri


Notið snúningsdiskinn við hvers konar eldun. Hann tekur við safu sem lekur niður og matarleiðum sem annars myndu setja bletti á og óhreinka innra borð ofnsins.

- Setjið snúningsdiskinn á snúningsgrindina.

Gufusjóðari

Notið gufusjóðarann með sigtið á sínum stað við eldun á fiski, grænmeti og kartöflum. Setjið matvælin alltaf beint á snúningsdiskinn.

Stjórnborð



- 1** Stopp hnappur
- 2** Orkuhnappur
- 3** Minnishnappur
- 4** Gufuhnappur
- 5** + /- hnappur
(þessi hnappur er notaður til að stilla tímann eða þyngdina)

- 6** Hnappur fyrir hraða afþíðingu
- 7** Start hnappur
- 8** Hurðarhnappur
(Þessi hnappur er til að opna hurðina)

Dagleg notkun

Ræsivörn / hnappalás

Þetta sjálfvirka öryggi verður virkt eftir eina mínútu frá því að ofninn fer til baka í „biðstöðu“. (Ofninn er vökuham þegar klukkan birtist á 24 klst. sniði eða ef ekki er búið að stilla klukkuna og tveir litlir punktar birtast á milli tölustafanna.

Það þarf að opna hurðina og loka henni t.d. setja matvæli inn í ofninn áður en öryggislæsingin aftengist. Annars birtist „DOOR“ (hurð) á skjánum.

Til að gera hlé á eldun eða hætta við

Til að gera hlé á eldun:

Hægt er að gera hlé á matreiðslu til að athuga eða hræra í matnum með því að opna hurðina. Stillingin verður áfram í gildi í 10 mínútur.

Til að halda matreiðslu áfram:

Lokið hurðinni og ýtið á Start hnappinn EINU SINNI. Eldun heldur áfram þar sem frá var horfið.

Ef ýtt er á Start hnappinn tvisvar sinnum þá eykst eldunartíminn um 30 sekúndur.

Ef þú vilt ekki halda matreiðslu áfram: Takið matinn út, lokið hurðinni og ýtið á Stopp hnappinn

Þegar eldun er lokið heyrst píp einu sinni á mínútu í 10 mínútur.

Ýtið á stöðva hnappinn eða opnið hurðina til að slökkva á hljóðmerkinu.

ATHUGIÐ: Ofninn geymir stillingarnar aðeins í 60 sekúndur ef hurðin er opnuð og síðan lokað aftur þegar eldun er lokið.


Niðurkæling

Þegar kerfi hefur lokið sér af, stillir ofninn sig sjálfur á kælingu. Þetta er eðlilegt.

Þegar kælingunni er lokið slekkur ofninn sjálfkrafa á sér.

Tímastillir

Notið þetta kerfi ef þið þurfið að nota tímastilli til að mæla tímann nákvæmlega í margvíslegum tilgangi t.d. sjóða egg, láta deig lyftast fyrir bakstur o.s.frv.




1. Ýtið á + /- hnappana til að stilla tímastillinn á æskilegan tíma.
2. Ýtið á Orkuhnappinn aftur og aftur til að stilla orkuna á 0 W.
3. Ýtið á Start hnappinn.

Hljóðmerki heyrst þegar tímastillirinn hefur gengið út.

Klukkan 

Hafið hurðina opna meðan klukkan er stillt. Þá hafið þið 5 mínútur til að ljúka við að stilla klukkuna. Annars þarf að ljúka við hvert þrep á innan við 60 sekúndum.




1. Ýtið á Stopp hnappinn (í 3 sekúndur) þar til talan vinstra megin (klukkustundir) blikkar.
2. Ýtið á „-“ eða „+“ hnappana til að stilla klukkustund.
3. Ýtið á Start hnappinn. (Hægri tölustafirnir tveir (mínútur) blikka).
4. Ýtið á +/- hnappana til að stilla mínúturnar.
5. Ýtið á Start hnappinn aftur.

Klukkan er nú stillt og er í gangi.

ATHUGIÐ: Þegar ofninum er stungið í samband í fyrsta sinn eða eftir að rafmagn hefur farið af þá er skjárinn auður. Ef klukkan er ekki stillt þá er skjárinn áfram auður þar til búið er að stilla eldunartímann. Ef á að láta klukkuna hverfa af skjánum þegar búið er að stilla hana þá er ýtt á Stopp hnappinn aftur í 3 sekúndur og síðan ýtt aftur á Stopp hnappinn. Klukkan er kölluð fram með því að endurtaka þetta í öfugri röð.

Matreitt og hitað upp í örbylgjuofni 

Þetta kerfi er notað fyrir venjulega matreiðslu og upphitun t.d. á grænmeti, fiski, kartöflum og kjöti.




1. Ýtið á +/- hnappana hnappinn til að stilla klukkustund.
2. Ýtið á Orkuhnappinn aftur og aftur til að stilla orkuna.
3. Ýtið á Start hnappinn.

Þegar matreiðsluferfið hefur verið sett í gang: er auðvelt að bæta við tímann í 30 sek bilum með því að ýta á Start rofann. Í hvert skipti sem ýtt er á hnappinn bætast 30 sekúndur við eldunartímann. Einnig er hægt að breyta tímanum með því að ýta á +/- happana til að lengja eða stytta tímann. Ef ýtt er á Orkuhnappinn er einnig hægt að breyta orkustiginu. Í fyrsta skipti sem ýtt er á hann birtist núverandi orkustig. Ýtið á Orkuhnappinn aftur og aftur til að breyta orkustiginu. Hægt er að breyta öllum stillingum að vild meðan á eldun standur.

Orkustig

Aðeins örbylgjuofnar	
Orka	Hentug notkun:
750 W	Til að hita drykki, vatn, tærar súpur, kaffi, te eða önnur matvæli sem hafa hátt vatnsinnihald. Ef maturinn inniheldur egg eða rjóma þarf að velja lægra orkustig. Til að elda grænmeti, kjöt o.s.frv.
500 W	Til að elda með meiri varúð, t.d. sósur með háu prótínnihaldi, osta- og eggjarétti og til að ljúka við eldun á ofnréttum.
350 W	Til að hægjóaða kássur, bræða smjör og súkkulaði.
160 W	Affrysting. Til að mýkja smjör, osta. Til að mýkja ís.
0 W	Þegar aðeins tímastillirinn er notaður.

Jet start (Snögstart) 



Þessi eiginleiki er notaður til að hita fljótt upp vatnsmikinn mat, svo sem: þunnar súpur, kaffi eða te. Ýtið á Start hnappinn til að ræsa sjálfkrafa á hæsta orkustigi og eldunartíminn er stilltur á 30 sek. Í hvert skipti sem ýtt er á hnappinn

bætast 30 sekúndur við eldunartímann. Einnig er hægt að breyta tímanum með því að ýta á +/- hnappana til að lengja eða stytta tímann.

Handvirk afþiðing 

Fylgið aðferðinni „Matreiðsla og upphitun með örbylgjum“ og veljið afstillinguna 160 W þegar matvæli eru þiðin handvirk. Lítið eftir matvælunum reglulega. Reynslan segir til um hvað langan tíma þarf fyrir mismunandi magn.

Hægt er að setja frosin matvæli í plastpokum, plasthimnu og pappailátum beint inn í ofninn ef umbúðirnar eru ekki með neina málmhluti (t.d. málmklemmur). Lögum þakksans hefur getur ráðið því hve langan tíma afþiðingin tekur. Þunn stykki þiðna fljótar en þykkar blokkir.

Aðskiljið hlutina þegar þeir fara að þiðna. Stakar sneiðar þiðna hraðar.

Verjið einstaka hluta matvælanna með álþappir ef þeir fara að hitna (t.d. kjúklingaleggir og vængir).


Gott er að snúa stærri stykkjum þegar afþiðing er hálfnuð.

Best er að hræra í soðnum matvælum, kássum og kjötsósum til að þau þiðni betur. Betra er að afþiða matinn aðeins minna og láta síðan hlutinn þiðna alveg meðan hann er látinn standa.

Alltaf er betra að láta matinn standa eftir afþiðingu því þá dreifist hitinn jafnt um hann allan.

Jet defrost (Hröð afþiðing) 

Notið þetta kerfi EINGÖNGU til að afþiða kjöt, fisk og kjúklinga. Aðeins ætti að nota hraða afþiðingu ef þyngd matvælanna er á milli 100 g - 2 kg.



1. Ýtið á hnappinn fyrir hraða afþiðingu.
2. Ýtið á +/- hnappana til að stilla þyngd

matvælanna.

3. Ýtið á Start hnappinn.


Þegar afþiðingin er um það bil hálfnuð stöðvast ofninn og gefur til kynna að það þurfi að SNÚA MATNUM.

- Opnið ofnhurðina.
- Snúið matnum.
- Lokið hurðinni og ýtið á Start hnappinn aftur.

ATHUGIÐ: Ofninn heldur sjálfkrafa áfram eftir 2 mínútur ef matnum hefur ekki verið snúið. Við það tekur afþiðingin lengri tíma.


Þetta kerfi þarf að vita þyngd matvælanna. Ofninn reiknar síðan sjálfkrafa þann tíma sem er nauðsynlegur til að ljúka afþiðingunni.

- Frosin matvæli: Ef matvælin eru ekki eins köld og beint úr djúpfrystingu (-18°C), veljið minni þyngd fyrir þau. Ef matvælin eru kaldari en beint úr djúpfrystingu (-18°C), veljið meiri þyngd fyrir þau.

Matvæli	Vísbendingar
Kjöt  (100 g - 2,0 Kg)	Hakk, kótelettur, steikur eða læri.
Kjúklingar  (100 g - 2,0 Kg)	Kjúklingar, heilir, bitar og bringur.
Fiskur  (100 g - 1,5 Kg)	Heill, sneiðar eða flök.

Ef matvælin eru ekki á þessari töflu og ef þyngd þeirra er meiri eða minni en sú sem mælt er með þá ætti að fara eftir leiðbeiningunum um "Matreitt og hitað upp í örbylgjuofni" og veljið 160 W við afþiðinguna.

Minni 



Minniskerfið gerir auðvelt að vista og kalla aftur fram æskilega stillingu. Reglan í minniskerfinu er að það vistar alltaf stillinguna sem sýnd er á hverjum tíma.

Hvernig virkja á geymt minni:


1. Ýtið á Minnishnappinn.
2. Ýtið á Start hnappinn.

Að vista stillingu:

1. Veljið hvaða eiginleika sem er
2. Færið inn stillingur
3. Ýtið á Minnishnappinn og haldið honum niðri í 3 sekúndur þar til hljóðmerki heyrir. Nú er búið að vista stillinguna. Hægt er að vista aftur í minnið eins og oft og óskað er.

Þegar ofninum er stungið í samband eða eftir að rafmagn hefur farið af þá er í minninu geymd stillingin 1 mínúta og 750 W sem sjálfvalin stilling.

Gufa 




Notið þetta kerfi fyrir til dæmis grænmeti og fisk.


Notið alltaf gufusjóðarann sem fylgir með þegar þetta kerfi er notað.

1. Ýtið á Gufuhnappinn.
2. Ýtið aftur og aftur á Gufuhnappinn til að stilla á tegund matvælnanna.
3. Ýtið á +/- hnappana til að stilla þyngd matvælnanna.
4. Ýtið á Start hnappinn.


Setjið kjötið á gufugrindina.



Setjið 100 ml (1dl) af vatni í neðri hluta gufusjóðarans.



Setjið hjálminn á.







⚠️ VIÐVÖRUN! Gufusjóðarinn er eingöngu hannaður til notkunar í örbylgjuofnum! Notið hann aldrei í neinu öðru kerfi.

Ef gufusjóðarinn er notaður með öðru kerfi getur það valdið skemmdum. Gangið ávallt úr skugga um að snúningsdiskurinn geti snúist greiðlega áður en ofninn er gangsettur. Setjið matvælin alltaf beint á snúningsdiskinn.

Að elda grænmeti

Setjið grænmetið í síuna.
 Hellið 100 ml af vatni í neðri hlutann.
 Setjið hjálminn á og stillið tímann.
 Mjúkt grænmeti eins og brokkál og þúrrur þarf að elda í 2-3 mínútur.
 Harðara grænmeti eins og gulrætur og kartöflur þarf að elda í 4-5 mínútur.

Matvæli	Vísbendingar
Kartöflur / rótarávextir  (150 g - 200 g)	Notið jafnar stærðir. Skerið í jafna bita.
Grænmeti (Blómkál og brokkál)  (150 g - 500 g)	Látið standa í 1 - 2 mínútur eftir að eldun er lokið.
Frosið grænmeti  (150 g - 500 g)	Leyfið matinn standa í 1-2 mínútur eftir að matreiðslu lýkur.
Fiskflök  (150 g - 500 g)	Dreifið flökunum jafnt á grind gufusjóðarans. Þynnri hlutar mega liggja ofan á hver öðrum. Látið standa í 1 - 2 mínútur eftir að eldun er lokið.

VIÐVÖRUN: Hitið hvorki né eldið með lokaðar krukur eða ílát á tækinu. Þrýstingurinn sem myndast og eykst inni í krukkunum getur valdið því að þær springi og skemmi tækið.

VIÐVÖRUN: Ef tækið er notað í samsettum ham mega börn aðeins nota tækið undir eftirliti fullorðinna vegna hitans sem myndast.

VIÐVÖRUN: Vökvinn getur ofhitnað yfir suðumark án þess að merki um suðu hafi sést. Þetta getur valdið því að skyndilega sýður heiti vökvinn upp úr. Til að koma í veg fyrir þetta eru eftirfarandi skref framkvæmd:

1. Notið ekki ílát með beinar hliðar og þröngan háls.
2. Hrærið í vökvanum áður en ílátið er sett á tækið og látið teskeiðina vera í ílátinu.
3. Eftir upphitun skal láta ílátið vera kjúrt í nokkurn tíma og hræra í því aftur áður en ílátið er tekið af tækinu.

VIÐVÖRUN: Eftir upphitun fljótandi barnamatar í flösku eða matarkrukku skal ávallt hræra í ílátinu og kanna hitastig áður en barninu er gefinn maturinn.

⚠ VIÐVÖRUN: Tækið og aðgengilegir hlutar þess hitna við notkun. Gætið þess að snerta ekki heita hluta þess. Ungum börnum skal halda fjarri tækinu. Á meðan og eftir að tækið hefur verið notað skal ekki snerta hitunarfleti tækisins þar sem hættu er á brunasárum. Látið tækið ekki komast í snertingu við klúta eða önnur eldfim efni fyrr en allir hlutar þess hafa kólnað til fulls.

Hvað á að gera ef...

Vandamál	Hugsanleg orsök	Lausn
Ofninn virkar ekki.	Rafmagnið er ekki á eða ofninn ekki tengdur við rafmagn.	Athugið öryggin og gætið þess að rafmagnið sé tengt.
	Hurðin er ekki lokuð.	Opnið hurðina og lokið henni áður en reynt er aftur.
Á skjánum birtast boð svo sem: F2, F3C, F7 eða Err2, Err3, Err5.	Ofninn hefur greint að bilun hefur átt sér stað í einhverjum skynjara eða álíka.	Takið ofninn úr sambandi og bíðið í 10 mínútur áður en sett er aftur í samband, prófið að nota ofninn aftur. Ef vandamálið er viðvarandi: hringið í þjónustudeild.
Maturinn eldast ójafnt.	Mjög þunnir hlutar svo sem kjúklingavængir og þess háttar eru óvarðir.	Verjið þynnri hluta matvælna með álpappír.
	Maturinn var eldaður við of hátt hitastig.	Veljið lægra hitastig.
	Snúningsdiskurinn hefur stöðvast.	Athugið hvort snúningsdiskurinn og snúningsgrindin séu á sínum stað og matvælin staðsett í miðjunni og snerti ekki vegg ofnsins.
Maturinn snýst ekki.	Snúningsdiskurinn hefur stöðvast.	Athugið hvort snúningsdiskurinn og snúningsgrindin séu á sínum stað og botn ofnsins sé hreinn.

Vottuð þjónustumiðstöð

Hafið samband við þjónustuver:

1. Athugið hvort þið getið ekki leyst vandamálið á eigin spýtur (sjá töfluna "hvað á að gera ef...").
2. Slökkvið á eldavélinni og kveikið á henni aftur til að athuga hvort vandamálið sé horfið. Ef vandamálið heldur áfram eftir þær athuganir sem lýst er hér að framan þarf að hafa samband við viðurkenndan þjónustuaðila IKEA.

Alltaf þarf að gefa upp:

- gerð bilunarinnar;
- gerð bilunar;
- númer vottaðrar þjónustumiðstöðvar (númerið er áletrað á eftir orðinu „Service” á auðkenniplötunni) inni í ofninum (platan sést þegar hurðin er opin);
- Fullt heimilisfang;
- Símanúmer.

SERVICE 0000 000 00000



Ef viðgerðir eru nauðsynlegar skal vinsamlegast hafa samband við vottaða þjónustumiðstöð IKEA (til að tryggja að ósviknir varahlutir séu notaðir og að viðgerðir séu framkvæmdar á viðeigandi hátt).

Tæknilegar upplýsingar


Auðkenning vöru: MATÁLSKARE 403 687 70 MATTRADITION 104 117 70 ; 304 117 69 ; 603 687 69.	
Spenna	220-240 V/50 Hz
Tilgreind orkutilfærsla	1300 W
Öryggi	10 A (UK 13 A)
Útgangsstyrkur á örbylgjum	750 W
Útanmál (HxBxD)	394 x 595 x 320
Innri mál ofnsins (HxBxD)	187 x 370 x 290

Tæknilegar upplýsingar eru skráðar á merkispjaldið sem er inni í raftækinu.

Gögn fyrir hitaprófun í samræmi við IEC 60705.

Alþjóðaraftækninefndin, SC. 59H, hefur komið á fót staðli til samanburðarprófunar á hitunarafköstum örbylgjuofna.

Við mælum með eftirfarandi fyrir þessa gerð ofna:



Próf	Magn	Tími um það bil	Orkustig	Ílát
12.3.1	750 g	10 mín	750 W	Pyrex 3.227
12.3.2	475 g	5 ½ mín	750 W	Pyrex 3.827
12.3.3	900 g	14 mín	750 W	Pyrex 3.838
13.3	500 g	2 mín 40 sek	Jet Defrost (Hröð afþiðing)	

ATHUGIÐ: þessar upplýsingar eru eingöngu fyrir hæfan tæknimann.

Uppsetning

Uppsetning ofnsins

Við uppsetningu ofnsins þarf að fara eftir meðfylgjandi leiðbeiningum.

Börn ættu ekki að sjá um uppsetningu tækisins. Haldið börnum fjarri tækinu við uppsetningu þess. Geymið pakkningarnar (plastpoka, pólýstýren o.s.frv.) þar sem börn ná ekki til á meðan og eftir að tækið hefur verið sett upp.

Notið hlífðarhanska til að taka tækið úr pakkningunum og setja það upp.

Í það minnsta tveir aðilar eiga að sjá um meðhöndlun og uppsetningu tækisins.

Tækið þarf að taka úr sambandi áður en uppsetning þess er framkvæmd.

Eftir að helluborðið hefur verið tekið úr umbúðunum skal tryggja að það hafi ekki skemmt í flutningi. Ef upp koma vandamál skal hafa sambandi við þjónustudeild söluaðila.


Eftir að tækið hefur verið tekið úr umbúðunum gangið þá úr skugga um að hurð tækisins lokist rétt.

Ef upp koma vandamál skal hafa sambandi við þjónustudeild söluaðila. Til að koma í veg fyrir skemmdir skal fjarlægja ofninn úr pólýstýrenfreyðinu þegar það er sett upp. Tryggið að tækið skemmi ekki rafmagnssnúruna þegar það er sett upp.

Raftengingar

Áður en sett er í samband

Athugið hvort rafspenna sé sú sama og tilgreind er á kennispjaldi tækisins. Merkisplajdið er á frambrún ofnsins (sétt þegar hurðin er opin). Fjarlægjið ekki inntaksvarnarplötur örbylgjuofnsins sem eru á hliðum ofnsins. Þær koma í veg fyrir að mataragnir geti komist inn í inntaksrásir ofnsins.



Gætið þess að ofninn sé tómur áður en uppsetning hefst.

Gangið úr skugga um að ofninn sé ekki skemmdur.

Athugið hvort ofnhurðin falli þétt upp að karminum og að innri þéttikanturinn sé ekki skemmdur. Tæmið ofninn og þrifið hann að innan með mjúkum, rökum klút. Notið ekki ofninn ef rafmagnssnúran eða innstungan er skemmd, ef hann starfar ekki rétt eða ef hann hefur skemmst eða dottið. Dýfið ekki rafmagnssnúrunni eða klónni í vatn. Haldið rafmagnssnúrunni frá heitu yfirborði. Annars getur það valdið rafstuði, eldsvoða eða öðrum slysum.

Eftir tengingu

Aðeins er hægt að nota ofninn ef hann er vandlega lokaður.

Samkvæmt reglugerðum á tækið að vera jarðtengt.

Framleiðandi ber enga ábyrgð á líkamlegum meiðslum sem verða á fólki, dýrum eða eignakskemmdum vegna vanrækslu á eftirfylgni þessarar kröfu.

Framleiðendur eru ekki ábyrgir fyrir vandamálum sem eru af völdum þess að notandinn hefur ekki farið eftir þessum leiðbeiningum.

Vanræksla á eftirfylgni þessara leiðbeininga skapar áhættu. Framleiðandi ber enga ábyrgð á líkamlegum meiðslum sem verða á fólki, dýrum eða eignakskemmdum ef varrúðarráðstöfunum er ekki fylgt eftir.

VARÚÐ: Tækið er ekki ætlað til notkunar með utanaðkomandi tímamæli eða aðskildu fjarstýringarkerfi.

Eftir að tækið hefur verið sett upp á notandinn ekki að komast að rafrænum íhlutum tækisins.

Til að uppsetning sé í samræmi við gildandi reglugerðir um öryggi er áskilið að hafa fjölskautarofa með a.m.k. 3mm snertubili.

VIÐVÖRUN: Rafmagnssnúran verður að vera nógu löng til að tengja tækið við rafveitu þegar búið er að koma því fyrir. Togið ekki í rafmagnssnúruna.

Ef rafmagnssnúran skemmist verður að skipta henni út fyrir sömu snúruna.

Aðeins hæfur tæknimaður má skipta um rafmagnssnúru í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda og gildandi reglugerðir um öryggi. Hafið samband við vottaða þjónustumiðstöð.

Notið ekki ofninn ef rafmagnssnúran eða innstungan er skemmd, ef hann starfar ekki rétt eða ef hann hefur skemmst eða dottið. Dýfið ekki rafmagnssnúrunni eða klónni í vatn. Haldið rafmagnssnúrunni frá heitu yfirborði.

Snertið ekki tækið með rökum líkamshluta og notið það ekki ef þið eruð berfætt.

Ef um er að ræða tæki með áfast tengi og ef tengið hentar ekki innstungunni skal hafa samband við hæfan tæknimann.

Notið ekki framlengingarskaut, fjöltengi eða millistykki. Tengid tækið ekki við tengi sem hægt er að stjórna með fjarstýringu.

Umhverfisvandamál

⚠ VIÐVÖRUN! Hættulegt er að láta einhvern annan en hæfan aðila sjá um þjónustu eða viðgerðir í tilfellum þar sem nauðsynlegt er að fjarlægja hlífina sem verndar gegn örbylgjum.

⚠ VIÐVÖRUN! Ef ofninum er ekki haldið hreinum getur það valdið því að yfirborð hans skemmist og þannig haft áhrif á endingu ofnsins og jafnvel valdið hættu.

⚠ VIÐVÖRUN! Hreinsa skal ofninn reglulega og fjarlægja matarleifar.


⚠ VIÐVÖRUN! Tryggið að slökkt sé á tækinu og að það hafi verið tekið úr samband frá aflveitu áður en viðhald er gert vegna hættu á raflosti. Notið aldrei gufuhreinsitæki.

⚠ VIÐVÖRUN! Notið ekki slípandi hreinsiefni eða áhöld til að þrifa glerið á ofnhurðinni því þau geta rispað yfirborðið sem gæti orðið til þess að glerið springur.

⚠ Tryggið að tækið sé látið kólna niður áður en hreinsun eða viðhald er gert. - hætta á brunasárum


⚠ VIÐVÖRUN! Slökkið á tækinu áður en skipt er um peru vegna hættu á raflosti.

FÖRGUN UMBÚÐAEFNIS

Pökkunarefnið er 100% endurvinnanlegt og er merkt með endurvinnslutákninu.  Mismunandi hlutum umbúðanna skal farga á ábyrgan hátt og í samræmi við staðarbundnar reglugerðir sem eiga við um förgun úrgangs.

FÖRGUN NOTAÐRA RAFTÆKJA

Þetta raftæki er framleitt úr endurvinnanlegum og endurnýtanlegum efnum. Fargið því í samræmi við gildandi reglugerðir um förgun úrgangs. Nánari upplýsingar um meðhöndlun, endurnýjun og endurvinnslu rafknúinna heimilistækja má fá hjá yfirvöldum, úrgangssöfnunarþjónustu heimilisúrgangs eða versluninni sem tækið var keypt í. Þetta tæki er merkt í samræmi við tilskipun Evrópusambandsins um rafrænan úrgang 2012/19/EB, (WEEE). Með því að tryggja að tækinu sé fargað á réttan hátt aðstoðar þú við að koma í veg fyrir neikvæðar afleiðingar á umhverfi og heilsu.

Táknid  á tækinu eða meðfylgjandi gögnum gefur til kynna að tækið skal ekki telja sem heimilisúrgang og að velja skuli viðeigandi sorpstöð til að endurvinna rafbúnað.

ÁBENDINGAR UM ORKUSPARNAÐ

Forhitið ekki ofninn nema það sé tekið fram í eldunartöflunni fyrir uppskriftina. Notið bökunarform sem eru með dökkum lit eða glerung því þau draga betur í sig hita. Matvæli sem þurfa lengri eldunartíma halda áfram að eldast jafnvel þó slökkt sé á ofninum.



IKEA ÁBYRGÐ

Hve lengi gildir IKEA ábyrgðin?

Ábyrgðin gildir í fimm (5) ár frá þeim degi sem kaupin á tækinu eru gerð hjá IKEA. Upprunalegrar sölukvittunar er krafist til staðfestingar á kaupum. Ef unnin eru þjónustuverk sem falla undir ábyrgðina framlengir það ekki ábyrgðartíma tækisins.

Hver mun framkvæma þjónustuna?

IKEA þjónustuaðili mun veita þjónustu í eigin þjónustuaðstöðu eða í gegnum viðurkennt kerfi þjónustuaðila.

Hvað fellur undir þessa ábyrgð?

Ábyrgðin nær yfir bilun á tæki sem til komin er vegna galla í samsetningu eða efnisgalla sem koma fram eftir kaupdag frá IKEA. Ábyrgðin gildir einungis ef um heimilisnotkun er að ræða. Undantekningar eru tilgreindar undir kaflanum „Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?“ Innan þess tíma sem ábyrgðin tekur til fellur allur kostnaður, s.s. viðgerðir, varahlutir, vinnu- og ferðakostnaður á þjónustuaðilann, að því tilskildu að tækið sé aðgengilegt til viðgerðar án sérstakra útgjalda. Um þessa skilmála gilda viðmiðunarreglur Evrópusambandsins (Nr. 99/44/ESB) svo og staðbundnar reglur. Allir hlutir sem teknir eru úr tækjum og skipt er um eru eign IKEA.

Hvað gerir IKEA til að bæta úr vandamálinu?

Þjónustuaðili á vegum IKEA skoðar tækið og ákvarðar hvort það fellur undir ákvæði ábyrgðarinnar. Ef það fellur undir ákvæði hennar mun þjónustuaðili á vegum IKEA, eða viðurkenndur samstarfsaðili hans, samkvæmt ákvörðun hans eingöngu, sinna viðgerð eða skipta tækinu út með samskonar eða svipaðri vöru.

Hvað fellur ekki undir þessa IKEA ábyrgð?

- Eðlilegt slit vegna notkunar.
- Skemmdir sem eru af völdum ásetnings eða hirðuleysis, skemmdir sem verða vegna þess að ekki er farið eftir notkunarleiðbeiningum, skemmdir

vegna rangrar uppsetningar eða tengingar við ranga spennu, skemmdir vegna rafefnafræðilegra efnahvarfa, ryðs, tæringar, vatnsskemmda svo sem ofmettunar kalks í vatni en takmarkast ekki þar við svo og skemmdir vegna óeðlilegra umhverfisáhrifa.

- Rekstrarvörur svo sem rafhlöður og perur.
- Aukahlutir og skrautmunir sem hafa ekki áhrif á eðlilega notkun tækisins svo og rispur og hugsanlegur litamismunur.
- Öhöpp sem verða vegna aðskotahluta eða efna sem notuð eru við hreinsun og losun á stíflum úr síum, frárennsliskerfum eða sápuskúffum.
- Skemmdir á eftirfarandi hlutum: postulíni, aukahlutum, leirvöru- og hnífaparakörfum, að- og frárennslisrörum, þéttingum, perum og ljósakúplum, skermum, höldum, hlífum og hlutum af hlífum. Þetta á við nema hægt sé að sanna að þessar skemmdir séu vegna framleiðslugalla.
- Tilfelli þar sem enginn galli finnst meðan á heimsókn tæknimanns stendur.
- Viðgerðir sem ekki eru framkvæmdar af tilnefndum þjónustuaðilum og/ eða viðurkenndum samningsbundnum þjónustuaðila eða ef upprunalegir varahlutir hafa ekki verið notaðir.
- Viðgerðir sem framkvæmdar eru vegna rangrar ísetningar eða samrýmist ekki tæknilýsingu.
- Notkun tækis utan heimilis, t.d. í atvinnuskyni.
- Skemmdir í flutningi. Ef viðskiptavinur flytur vöruna heim til sín eða á annað heimilisfang, er IKEA ekki ábyrgt fyrir neins konar skemmdum sem geta orðið á meðan á flutningi stendur. Ef IKEA afhendir vöruna hins vegar á heimilisfang viðskiptavinarins mun IKEA bæta skemmdir sem hafa orðið á meðan á afhendingu vörunnar stóð.
- Kostnaður vegna fyrstu uppsetningar IKEA tækisins.

- Hins vegar, ef þjónustuaðili IKEA eða löggiltur samningsþjónustuaðili gerir við eða skiptir um tækið á meðan á ábyrgðartímanum stóð, mun þjónustuaðili eða löggiltur samningsþjónustuaðili setja tækið aftur upp sem gert var við eða uppsetja endurnýtt tækið, ef þarf.

Þessar takmarkanir eiga þó ekki við um gallalaust verk sem unnið er af þjálfuðum sérfræðingi sem notar upprunalega varahluti frá okkur til að aðlaga tækið að tæknilýsingu annars ESB-ríkis.

Beiting landslaga

IKEA ábyrgðin veitir kaupanda lögbundinn rétt sem nær til allra krafna samkvæmt í landslögum eða gengur lengra en þau. Þessir skilmálar takmarka þó ekki á neinn hátt rétt neytandans sem kveðið er á um í landslögum.

Gildissvæði

Vegna tækja sem keypt eru í einu ESB-landi og flutt yfir í annað ESB-land verður þjónusta veitt í samræmi við ábyrgðarskýrði sem teljast eðlileg í nýja landinu.

Skuldbinding til að veita þjónustu innan ramma ábyrgðarinnar er aðeins fyrir hendi ef tækið samrýmist og er sett upp samkvæmt:

- tæknilýsingu landsins þar sem ábyrgðarkrafan er sett fram;
- leiðbeiningum um samsetningu og öryggishandbók tækisins.

Tileinkað EFTIR SÖLU fyrir IKEA tæki

Vinsamlegast hafið samband við ákveðinn þjónustuaðila IKEA til að:

- gera kröfu á þessa ábyrgð;
- biðja um nánari útskýringar á uppsetningu á IKEA tækinu í viðkomandi IKEA eldhúsinnréttingu;
- biðja um nánari útskýringu á virkni IKEA tækjanna.

Til að tryggja bestu mögulegu þjónustu þarf að lesa þessar leiðbeiningar um samsetningu og/eða notendahandbókina áður en haft er samband við þjónustuaðilann.

Hvernig er haft samband við okkur ef þjónusta er nauðsynleg



Á síðustu síðu þessarar handbókar er heildarlisti yfir alla viðurkennda þjónustuaðila IKEA og símanúmer þeirra hvers í sínu landi.

i Til að veita sem skjótasta þjónustu mælum við með því að nota sérstök símanúmer sem tiltekin eru í þessari handbók. Notið alltaf þau númer sem vísað er til í sérstökum notendaleiðbeiningum fyrir það tæki sem aðstoð er þörf fyrir. Einnig þarf alltaf að vísa til IKEA hlutarnúmersins (8-stafa talnakóða) og 12-stafa þjónustunúmers sem er á merkiplötu tækisins.

i GEYMIÐ SÖLUKVITTUNINA!

Hún er sönnun fyrir kaupunum og er nauðsynleg þegar sótt er um ábyrgð. Sölukvittunin gefur einnig upp IKEA heiti og hlutarnúmer vörunnar (8-stafa talnakóða) fyrir hvert tæki sem þið hafið keypt.

Er þörf á frekari aðstoð?

Hafið samband við næstu IKEA verslun eða hringið í þjónustuver ef þið hafið fleiri spurningar sem tengjast ekki eftirþjónustu tækja ykkar. Við mælum með því að þið lesið gögnin sem fylgja tækinu vandlega áður en haft er samband við okkur.

**BELGIË - BELGIQUE - BELGIEN**

Telefoon/Numéro de téléphone/Telefon-Nummer:	026200311	
Tarief/Tarif/Tariff:	Lokaal tarief/Prix d'un appel local/Ortstarif	
Openingstijd:	Maandag - Vrijdag	8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 20.00
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

БЪЛГАРИЯ

Телефонен номер:	02 4003536	
Тарифа:	Локална тарифа	
Работно време:	понеделник - петък	8.00 - 20.00

ČESKÁ REPUBLIKA

Telefonní číslo:	225376400	
Sazba:	Místní sazba	
Pracovní doba:	Pondělí - Pátek	8.00 - 20.00

DANMARK

Telefonnummer:	70150909	
Takst:	Lokal takst	
Åbningstid:	Mandag - fredag	9.00 - 20.00
	Lørdag (Åbent udvalgte søndage, se IKEA.dk)	9.00 - 18.00

DEUTSCHLAND

Telefon-Nummer:	06929993602	
Tarif:	Ortstarif	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

ΕΛΛΑΔΑ

Τηλεφωνικός αριθμός:	2109696497	
Χρέωση:	Τοπική χρέωση	
Ώρες λειτουργίας:	Δευτέρα - Παρασκευή	8.00 - 20.00

ESPAÑA

Teléfono:	913754126 (España Continental)	
Tarifa:	Tarifa local	
Horario:	Lunes - Viernes	8.00 - 20.00

EESTI

<http://www.ikea.com>

FRANCE

Numéro de téléphone:	0170480513	
Tarif:	Prix d'un appel local	
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	9.00 - 21.00

HRVATSKA

Broj telefona:	0800 3636	
Tarifa:	Lokalna tarifa	
Radno vrijeme:	Ponedjeljak - Petak	8.00 - 20.00

ÍSLAND

Símanúmer:	5852409	
Kostnaður við símtal:	Almennt mínútuverð	
Opnunartími:	Mánudaga - Föstudaga	9.00 - 17.00

ITALIA

Telefono:	0238591334	
Tariffa:	Tariffa locale	
Orari d'apertura:	Lunedì - Venerdì	8.00 - 20.00

LATVIJA

<http://www.ikea.com>

LIETUVIJA

Telefono numeris:	(0) 520 511 35	
Skambučių kaina:	Vietos mokestis	
Darbo laikas:	Nuo pirmadienio iki penktadienio	8.00 - 20.00

LUXEMBOURG

Numéro de téléphone:	035220882569	
Tarif:	Prix d'un appel local	
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 18.00

MAGYARORSZÁG

Telefon szám:	(06-1)-3285308	
Tarifa:	Helyi tarifa	
Nyitvatartási idő:	Hétfőtől Péntekig	8.00 - 20.00

NORGE

Telefon nummer:	23500112	
Takst:	Lokal takst	
Åpningstider:	Mandag - fredag	8.00 - 20.00

NEDERLAND

Telefoon:	0900-235 45 32 en/of 0900 BEL IKEA	
	0031-50 316 8772 international	
Tarief:	Geen extra kosten. Alleen lokaal tarief.	
Openingstijd:	Maandag t/m - Vrijdag	8.00 - 21.00
	Zaterdag	9.00 - 21.00
	Zondag / Feestdagen	10.00 - 18.00

ÖSTERREICH

Telefon-Nummer:	013602771461	
Tarif:	Ortstarif	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

POLSKA

Numer telefonu:	225844203	
Stawka:	Koszt połączenia według taryfy operatora	
Godziny otwarcia:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00

PORTUGAL

Telefone:	213164011	
Tarifa:	Tarifa local	
Horário:	Segunda - Sexta	9.00 - 21.00

ROMÂNIA

Număr de telefon:	021 2044888	
Tarif:	Tarif local	
Orar:	Luni - Vineri	8.00 - 20.00

РОССИЯ

Телефонный номер:	84957059426	
Стоимость звонка:	Местная стоимость звонка	
Время работы:	Понедельник - Пятница	9.00 - 21.00
	(Московское время)	

SCHWEIZ - SUISSE - SVIZZERA

Telefon-Nummer/Numéro de téléphone/Telefono:	0225675345	
Tarif/Tarif/Tariffa:	Ortstarif/Prix d'un appel local/Tariffa locale	
Öffnungszeiten:	Montag - Freitag	8.00 - 20.00
Heures d'ouverture:	Lundi - Vendredi	8.00 - 20.00
Orario d'apertura:	Lunedì - Venerdì	8.00 - 20.00

SLOVENSKO

Telefónne číslo:	(02) 50102658	
Cena za hovor:	Cena za miestny hovor	
Pracovná doba:	Pondelok až piatok	8.00 - 20.00

SLOVENIJA

<http://www.ikea.com>

SRBIJA

Број телефона:	011 7 555 444	
стопа:	lokalna курс	
Радно време:	Понедељак - субота	9.00 - 20.00
	недеља	9.00 - 18.00

SUOMI

Puhelinnumero:	0981710374	
Taxa:	Yksikköhinta	
Aukioloaika:	Maanantaista perjantaihin	8.00 - 20.00

SVERIGE

Telefon nummer:	0775-700 500	
Taxa:	Lokal samtal	
Öppet tider:	Måndag - Fredag	8.30 - 20.00
	Lördag - Söndag	9.30 - 18.00

UNITED KINGDOM - IRELAND

Phone number:	02076601517	
Rate:	Local rate	
Opening hours:	Monday - Friday	8.00am - 6.00pm
	Saturday	8.30am - 4.30pm
	Sunday	9.30am - 3.30pm

